

✉ Stjórnunar- og verndaráætlun - Jörundur 2020-2029

Búið til	19.3.2020 13:28:16
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	19.3.2020 13:28:15
Tilheyrir	 2020020011 - Beiðni um umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Jörundur

Efni

Stjórnunar- og verndaráætlun - Jörundur 2020-2029

Upplýsingar

Sent	19.3.2020 13:28:15	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	hildurhafberg@ust.is

Innihald

Tilvísun málsnúmer 2020020011. (LÁ, IAS, TB)

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Jörundur.

Hraunhellirinn Jörundur er einn af merkilegustu náttúrufyribærum landsins og hefur hann sérlega hátt verndargildi vegna fjölda dropsteina, mikillar litadýrðar og fyrir að vera lítt raskaður. Svona hraunhellar eru fágætir á heimsvísu. Hellinum var lokað árið 1984 með hliði og lás í þeim tilgangi að vernda hann fyrir ágangi. Annar þáttur í að vernda hellinn er að staðsetning hans er ekki birt á korti og baughnit ekki gefin upp. Vegna framangreindrar sérstöðu hellisins og þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til vekur það nokkra furðu að stjórnunar- og verndaráætlun Jörundar skuli vera í opnu kynningarferli með frekar ítarlegum lýsingum á hellinum og staðháttum hans. Það er því spurning hvort ekki eigi að leita annarra leiða, við kynningu á stjórnunar- og verndaráætlun, þegar um er að ræða mjög viðkvæm náttúrufyribæri.

Í kafla 2 Lýsing á svæðinu, eru stórbrotnar lýsingar á hellinum sem allt að því hvetja áhugasama að fara í „fjár sjóðsleit“. Enda hefur áætlunin náð athygli fjölmörgu og birt var grein um náttúruvættið Jörundur í Morgunblaðinu þann 2. mars 2020 undir fyrirsögninni *“Leynihellir fær aukna vernd”, sjá* . https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/03/02/leynihellir_faer_aukna_vernd/ (https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/03/02/leynihellir_faer_aukna_vernd/) Vegna eðli náttúruvættisins er spurning hvort slík umfjöllun sé æskileg og hvort ekki hefði verið betra að kynningarferlið hefði verið innan afmarkaðs hóps sbr. athugasemd hér að framan.

Meðfylgjandi eru nokkur dæmi um óæskilegar lýsingar úr texta áætlunarinnar eða lýsingar sem mætti setja fram með öðrum hætti (*skáletrun, leiðréttingar og undirstrikanir frá NÍ*):

„*Þrátt fyrir að góð skilyrði fyrir hellasmíði hafi verið í þeim hraunum sem runnu úr Eldborgum hafa fáir hrauhellar fundist. Ætla má að þeir stærstu séu enn ófundnir en mikill foksandur í hrauninu heftir hellakönnun.*“

Þá kemur fram um hellinn Hal sem er ekki friðlýstur: „*Halur liggur skammt frá Jörundi og eiga hellarnir það sameiginlegt að hellisopin erf-u] lítil og falin.*“

Réttast væri að sleppa þessari setningu: „*Hellismynnið lætur ekki mikið fyrir sér fara og þurfti upphaflega að nota sleggju og járnkarl til að komast niður í hellinn.*“

„*Þessir síðustu 100 metrar eru þaktir sérlega viðkvæmum hraunmyndunum í öllum stærðum og gerðum og því mjög vandasamt að fara um hellinn án þess að valda skemmdum. Drop[sleppa -a]steinar eru þar í þúsundatali og margir hverjir yfir meter[-ri] á hæð þó flestir séu um hálfur meter[-ri]. Hraunstrá hanga úr loftinu og skipta þau þúsundum.*“

„*Af þeim tæplega 800 hellum sem hafa verið kannaðir hér á landi þá er enginn sem kemst nærri því sem finnst í Jörundi hvað varðar litadýrð og hraunmyndanir.*“

Í kafla 2.4 Innviðir og mannvirki stendur: „*Op Jörund[-ar,sleppa -s] er hulið grjóti sem falið er undir foksandi. Rétt innan við opið er þrenging þar sem búið er að koma fyrir læstu hliði.*“

Vissulega eru þetta flest allt upplýsingar sem hafa birst áður s.s. í bókinni „Íslenskir hellar“, en hlutverk Umhverfisstofnunar er að vernda hrauhellinn Jörund með því að halda honum utan umferðar. Því væri meira við hæfi lágstemmdari lýsingar á hellinum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Í kafla 2 Lýsing á svæðinu, 2.1. Náttúruminjar og 2.1.1. Jarðminjar, er mikil endurtekning á lýsingum hrauhellisins og hellamyndunum. Ekki er ástæða til að vera með sérkafla um jarðminjar sem er að mestu leiti búið að fjalla um áður í kafla 2 og 2.1. Lagt er til að þessi umfjöllun verði sameinuð í stuttan og hnitmiðaðan texta undir Náttúruminjar.

Í kafla 1.2 Eignarhald og umsjón og 2.2. Landnotkun er nefnt að Jörundur sé innan þjóðlendu. Út frá þeim upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur frá Hellarannsóknarfélagi Íslands er hellirinn staðsettur í landi Úthlíðartorfu og því utan þjóðlendumarka. Eignarhald hellisins þarf að vera á hreinu og þá í framhaldi af því að skoða hvort samráð við landeigendur um gerð stjórnunar- og verndaráætlun hafi verið sem skyldi.

Setningunni „*Engin landnotkun er í hellinum sjálfum eða í kringum hann.*“ í kafla 2.2 má sleppa eða orða með öðrum hætti t.d. Engin önnur landnotkun en vend hellisins er í náttúruvættinu.

Kafli 2.2.1. um kvikmyndatöku og ljósmyndun, er í raun ábending um að Umhverfisstofnun gefi leyfi fyrir myndatökum. Þetta er etv. rétt en er óþarfa hvatning í þessari áætlun og má sleppa þessum undirkafla. Þá ætti Umhverfisstofnun að íhuga fjöldatakmarkanir slíkra leyfa ef þess gerist þörf og gera kröfu um strangt eftirlit og leiðsögn á kostnað leyfishafa. Spurning er hvort ekki fari betur á því að hafa almennan kafla um leyfisveitingar sbr. að óheimilt er að fara í hellinn á sérstaks leyfis.

Í kafla 2.4.1. Landvarsla kemur fram að samningur Umhverfisstofnunar við Hellarannsóknarfélag Íslands rann út árið 2012, en félagið hafði umsjón og eftirlit með friðlýstum hrauhellum, ásamt öðrum hellasvæðum. Ekki er starfandi landvörðu á svæðinu en farið er með reglulegu millibili til að athuga hvort lokun hellisins haldi. Miðað við upplýsingar í áætluninni virðist ekki ljóst hver hefur haft umsjón og eftirlit með Jörundi frá 2012 og hvort farið er með reglulegu millibili til að athuga hellinn?

Í kafla 2.4.2. Aðgengi stendur: „*Hellirinn hefur meira og minna verið lokaður síðan 1984. Síðast var farið inn í hellinn í kringum 2010 þegar lásar á lokuninni voru endurnýjaðir.*“ Náttúrufræðistofnun er með grein eftir Michel Detay og Björn Hróarsson um hellaskoðun á Íslandi sem birtist 2011 í frönsku tímariti, Géologie. Þar eru allmargar ljósmyndir teknar af dropsteinum í Jörundi. Vel getur verið að þessi ferð í hellinn hafi verið farin 2010. Eru allar ferðir í hellinn skráðar þannig að Umhverfisstofnun hefur vitneskju um slíkar ferðir? Einnig þarf að vera ljóst hver hefur aðgengi að hellinum þ.e. hver fer með lykjavöld að Jörundi.

Í kafla 2.5 Rannsóknir og vöktun stendur: „*Ekki hafa verið gerðar rannsóknir í hellinum en hann er vaktaður reglulega.*“ Hér þarf að koma fram hvaða rannsóknir vanti eða væri þörf á að gera s.s. kortlagning, meta hættu á hruni, örverur o.fl.. Ekki er ljóst hvað það er sem hefur verið vaktað reglulega?

Í kafla 2 er ekkert minnst á fræðslu og kynningu sem síðan kemur fram í kafla 3 um markmið, stefnu og leiðir. Mikil þörf er á fræðslu um vernd hraunhella, dropsteina og aðrar hellamyndanir.

Í kafla 3.5 Rannsóknir og vöktun.

Textinn undir þessum kafla er að nokkru leiti orðinn úreltur og kannski ástæða til að laga hann. Til dæmis með eftirfarandi hætti:

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilorða íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Þjóðgarða og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilorði íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Jörund en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Í kafla þar stendur jafnframt: „*Ávallt skal leita leyfi Umhverfisstofnunar vegna rannsókna í hellinum sbr. reglu 2 í kafla 4 nema um sé að ræða lögbundnar rannsóknir.*“ Þennan texta þarf að laga. Í fyrsta lagi mætti vera skýrar hvað sé átt við með lögbundnum rannsóknum sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 528/2005 og þá t.d. vöktun eða rannsóknir sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd og búið er að ákveða að eigi að fara fram með reglubundnum hætti og setja í stjórnunar- og verndaráætlun eða Umhverfisstofnun hefur veitt leyfi fyrir.

Almennt:

Markmið friðlýsingar: Í inngangskafli og kafla 3 um markmið, stefnu og leiðir, segir: „*Í friðlýsingunni kemur fram að enginn má granda, spilla né breyta neinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.*“ Þessi tilvísun í auglýsingu nr. 333/1989 er ónákvæm þar sem þetta kemur ekki beint fram í henni. Þetta þarf að umorða og tengja við friðlýsingu um dropsteina. Einnig má umorða setningu í inngangi þar sem segir: „*Dropsteinar í hellinum voru þegar friðlýstir með auglýsingu nr. 120/1974.*“ Þannig að ljóst sé að sú friðlýsing hafi átt við dropsteina á almennt þ.m.t. í Jörundi.

Í inngangi (bls. 6) stendur: „*Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins.*“ Í tilfelli Jörundar, sem er nær óraskaður og einstakur hraunhellir og kannski erfitt að auka beint verndargildi hans þá væri kannski nær að segja: *Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig megi viðhalda og standa vörð um verndargildi náttúruvættisins.*

Hvergi kemur fram í áætluninni (t.d. í kafla 1.4 Verndargildi og verndarflokkur) umfjöllun um 61. gr. náttúruverndarlaga er varðar sérstaka vernd hraunhella.

Í kafla 1.1. og í viðauka II er fjallað um samráðsaðila og hagsmunaaðila m.a. á svæðinu. Samráðsaðilar eru taldir upp en ekki er eins ljóst hverjir voru álitnir hagsmunaaðilar?

Í áætluninni kemur fram að gerður verður umsjónarsamningur um eftirlit með hellinum. Náttúrufræðistofnun Íslands og Hellarannsóknafélag Íslands gerðu með sér samning 28. september 2018 með það að markmiði að tryggja vernd hraunhella, dropsteina og annarra hraunmyndana í hellum, sem byggir á faglegum forsendum í samræmi við lög og reglugerðir um náttúruvernd og að varðveita upplýsingar um hella í gagnasöfnum. Í ljósi þessa samnings og vöktunaráætlana á friðlýstum svæðum er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands og Hellarannsóknarfélag Íslands taki að sér umsjón, vöktun og eftirlit með friðlýstum hraunhellum á Íslandi.

Í kafla 1.4 í áætluninni er Jörundur sagður falla undir IUCN flokk III. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti frekar að flokka Jörund undir IUCN flokk 1a þar sem um mjög stranga friðun er að ræða. Og á þá jafnframt að skoða hvort hellirinn eigi ekki frekar að vera Náttúruvé sbr. **45. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: Friðlýsa má svæði sem náttúruvé til að vernda náttúruleg þróunarferli, vistkerfi, fjölbreytni eða ákveðnar tegundir og/eða jarðfræðileg fyrirbæri sem eru sérstök eða einstök á lands- eða heimsvísu eða í Evrópu eða óvenjuviðkvæm. Friðlýsingin skal miða að því að standa vörð um náttúrulegt ástand svæðisins og þróun þess á eigin forsendum. Náttúruvé eiga að geta þjónað sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.**

Heimilt er að takmarka mjög aðgang að náttúruvéum og banna allar athafnir sem spillt geta markmiði verndarinnar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)